

Nd.

361. Nefndarállit

um frumvarp til laga um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá meiri hlutanum.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild Alþingis skipaði til að athuga þetta frumvarp, hefir eigi getað orðið sammála.

Meiri hlutinn getur eigi fallist á að löggjöf um þetta efni sje heppileg nú sem stendur.

Þá er og meiri hlutinn, að nokkuru leyti á þeirri skoðun, að eigi sje rjett að afnema undanþágu þá, er íslenskir botnvörpungar hafa haft að undanfögnu, um meðferð á veiðarfærum innan landhelginnar.

Telur hann slíkt enga ívilnun gagnvart útlendingum, þótt Íslendingum yrði sett jafnerfið skilyrði og þeim, því útlendingar munu nú sætta sig allvel við þau ákvæði.

Það er einkum ákvæði um hækkun á lágmarki sektanna, sem meiri hlutinn telur varhugaverð. Þau mundu verða illa þokkuð meðal útlendinga og eigi styðja að vinsamlegum viðskiftum, sem oss er nú svo mikil þörf eins og hag vorum er komið, að því er snertir viðskifti við útlönd og þó einkum England, sem helst lítur út fyrir að verði hið eina land í Norðurláfu, sem við getum haft nokkur viðskifti við, á meðan á ófriði þeim stendur, sem nú geysar um Norðurláfu.

Hinsvegar hefir frumvarp þetta að eins einn kost, þann að auka tekjur landhelgissjóðins, en úr því getur meiri hlutinn ekki gert mikið. Meðan ófriðurinn stendur yfir, eru lítil líkindi til að neinir útlendir botnvörpungar verði hjer við land og gefa þá heldur engar auknar tekjur, en þegar ófriðinum ljettir af er skamms að biða að þing komi hjer saman aftur og væri þá hægur hjá að samþykkja lög í þessa átt, ef engar breyttar kringumstæður væri því þá til fyrirstöðu.

Af framanskráðum ástæðum leyfir meiri hlutinn sjer að ráða háttvirtri neðri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 4. ágúst 1914.

Matth. Ólafsson,
skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Benedikt Sveinsson. G. Eggerz.